

Nova Klúbburinn birtir uppgjör þriðja ársfjórðungs

Innviðaupbygging Nova skilar sér í enn betri rekstri

Helstu niðurstöður á þriðja ársfjórðungi:

- Heildartekjur voru 3.255 m.kr. á þriðja ársfjórðungi 2023 samanborið við 3.165 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári sem skilar 2,8% heildar tekjuvexti á fjórðungnum á milli ára.
- Þjónustutekjur námu samtals 2.499 m.kr. og vaxa um 147 m.kr. sem er 6,2% vöxtur á milli ára. Vörusölutekjur námu samtals 452 m.kr. og dragast saman um 41 m.kr. sem er 8,3% lækkun á milli ára. Aðrar tekjur dragast saman um 5,1% milli ára.
- EBITDA nam 1.095 m.kr. samanborið við 1.010 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári og vex um 8,4% á milli ára, EBITDA hlutfallið var 33,7% á fjórðungnum samanborið við 31,9% á fyrra ári. Rekstrarhagnaður (EBIT) var 556 m.kr. samanborið við 506 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári og vex um 9,9% milli ára.
- Hagnaður tímabilsins var 266 m.kr. og hækkar um 29,6% á milli ára.
- Vaxtaberandi skuldir, leiguskuldbindingar og aðrar skuldir námu í lok tímabilsins samtals 11.834 m.kr. Þann 3. nóvember greiddi Nova 300 milljóna kr. viðbótargreiðslu, umfram samningsbundnar greiðslur, til lækkunar á vaxtaberandi skuldum félagsins.
- Handbært fé frá rekstri á fjórðungnum er 877 m.kr. samanborið við 722 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári.
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 40,15% í lok fjórðungsins og eigið fé nam 9.365 m.kr.
- Fjárfesting í innviðum undanfarin ár, þar á meðal bylgjulengdarkerfi Nova, hefur skilað sér í enn betri rekstri. Heildarfjárfestingar eru 1.393 m.kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins.

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- og forstjóri Nova: „Við höldum áfram að dansa í þéttum og góðum takti og rekstrarniðurstaða þriðja ársfjórðungs er í takt við okkar áætlun. Dansgólfið hjá Nova verður alltaf stærra og stærra, við höldum áfram að fjölga viðskiptavinum, og okkar markmið breytast ekkert þar. Við viljum að viðskiptavinir Nova fái alltaf besta dýlinn og bestu þjónustuna. Fjárfesting í innviðum, þar á meðal bylgjulengdarkerfi Nova, hefur skilað sér í enn betri rekstri þar sem við höfum náð að festa kostnað til framtíðar, með góðum rekstri getum við áfram fjárfest í uppbyggingu innviða sem skiptir miklu máli fjárhags- og tæknilega fyrir félag eins Nova sem og íslenskt samfélag. Nova leggur áherslu á að vera í fararbroddi varðandi nýjar tæknilausnir og við viljum tryggja að viðskiptavinir okkar séu með besta netsambandið. Þess vegna erum við gríðarlega spennt að vera byrjuð að prófa 5,5G og vera þannig með þeim fyrstu í Evrópu ásamt því að halda áfram markvissri uppbyggingu á 5G um allt land.


Þá vekjum við áfram athygli á mikilvægi þess að hlúa að geðheilsunni, sýna hvert öðru virðingu og finna fegurðina í hversdagsleikanum. Með því að leggja okkur fram um að skilja og hvetja aðra í kringum okkur og með því að hlúa markvisst að því sem styrkir geðheilsu verður lífið einfaldlega auðveldara og skemmtilegra.“

Helstu niðurstöður í rekstri á fyrstu 9 mánuðum ársins:

Tekjur

	3F 2023	3F 2022	Breyting	%	9M 2023	9M 2022	Breyting	%
FlakkNet	1.604	1.527	77	5,0%	4.653	4.335	318	7,3%
FastNet	896	826	70	8,4%	2.656	2.430	226	9,3%
Vörusala	452	493	-41	-8,3%	1.393	1.576	-183	-11,6%
Aðrar tekjur	303	320	-16	-5,1%	963	945	18	1,9%
Heildar rekstrartekjur	3.255	3.165	89	2,8%	9.666	9.287	379	4,1%

Heildartekjur á fyrstu níu mánuðum ársins hækkuðu um 4,1% frá fyrra ári og námu samtals 9.666 m.kr. Þjónustutekjur, sem samanstanda af tekjum frá viðskiptavinum á FlakkNeti og FastNeti, námu samtals 7.310 m.kr. og vaxa um samtals 545 m.kr. sem er 8,1% vöxtur á milli ára. Þessi tekjuvöxtur skýrist fyrst og fremst af áframhaldandi fjölgun viðskiptavina bæði í farsíma- og netþjónustu, sem og aukningu í reikitekjum af ferðamönnum. Vörusölutekjur námu samtals 1.393 m.kr. og dragast saman um 183 m.kr. sem er 11,6% lækkun á milli ára. Aðrar tekjur nema samtals 963 m.kr. og vaxa um 18 m.kr., eða um 5,4% á milli ára, sem kemur til vegna ýmissa liða svo sem auknum tekjum af samrekstri og endursölu.



Nánari skýringar um tekjuflokka má finna aftast í þessu skjali.

Rekstrarreikningur

	3F 2023	3F 2022	Breyting	%	9M 2023	9M 2022	Breyting	%
Heildar rekstrartekjur	3.255	3.165	89	2,8%	9.666	9.287	379	4,1%
Kostnaðarverð seldra vara	1.569	1.561	7	0,5%	4.706	4.720	-14	-0,3%
Laun og launatengd gjöld	408	377	31	8,1%	1.336	1.234	103	8,3%
Annar rekstrarkostnaður	182	217	-34	-15,8%	606	675	-69	-10,3%
Heildar rekstrargjöld	2.159	2.155	4	0,2%	6.648	6.629	19	0,3%
EBITDA	1.095	1.010	85	8,4%	3.018	2.658	360	13,5%
EBITDA%	33,7%	31,9%	1,7%	5,5%	31,2%	28,6%	2,6%	9,1%
Afskriftir	(-539)	(-504)	(-35)	7,0%	(-1.590)	(-1.469)	(-121)	8,2%
Rekstrarhagnaður	556	506	50	9,9%	1.428	1.189	239	20,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(-224)	(-250)	26	-10,4%	(-746)	(-735)	(-11)	1,5%
Tekjuskattur	(-66)	(-51)	(-15)	29,5%	(-135)	(-90)	(-45)	50,6%
Hagnaður tímabilsins	266	206	61	29,6%	547	364	183	50,2%
Hagnaður á hlut	0,07	0,05	0,02	30,6%	0,14	0,10	0,04	38,7%

Heildar rekstrargjöld nema samtals 6.648 m.kr. og hækka um 0,3% á milli ára. Kostnaðarverð seldra vara nemur samtals 4.706 m.kr. og lækkar um 14 m.kr. á milli ára. Sú lækkun skýrist helst af lægri innkaupakostnaði vegna minni vörusölu, en á móti hækkar þjónustukostnaður á milli ára vegna fjölgunar viðskiptavina. Laun og launatengd gjöld nema samtals 1.336 m.kr. og hækka um 103 m.kr. sem nemur 8,3% hækkun. Sú hækkun skýrist einna helst af almennum launahækkunum á milli ára en stöðugildi eru í línu við fyrra ár. Annar rekstrarkostnaður nemur samtals 606 m.kr. og lækkar um 69 m.kr. sem nemur 10,3% lækkun á milli ára. Á fyrri helmingi síðasta árs voru gjaldfærðir 66 m.kr. einskiptisliðir vegna skráningar félagsins á hlutabréfamarkað undir öðrum rekstrarkostnaði. Ef samanburðarár er leiðrétt fyrir þeim einskiptiskostnaði þá stendur rekstrarkostnaður nokkurn veginn í stað milli ára, þrátt fyrir almennar verðlagshækkunir og gengisbreytingar.

EBITDA hækkaði um 13,5% frá fyrra ári og nam samtals 3.018 m.kr. á tímabilinu. EBITDA hlutfall tímabilsins er 31,2% samanborið við 28,6% á sama tímabili á fyrra ári.

Rekstrarhagnaður (EBIT) hækkaði um 20,1% og nam samtals 1.428 m.kr. samanborið við 1.189 m.kr. á fyrra ári. Hagnaður tímabilsins var 547 milljónir og hækkar um 183 milljónir frá fyrra ári sem nemur 50,2% hækkun.

Efnahagur

Fastafjármunir félagsins námu 20.455 m.kr. í lok tímabilsins en voru 19.989 m.kr. um áramót. Óefnislegar eignir og rekstrarfjármunir breytast í takt við afskriftir og fjárfestingar á tímabilinu. Leigueignir hækka lítillega vegna nýrra viðbóta og áhrifa vísitöluhækkana umfram afskriftir.

Veltufjármunir félagsins námu samtals 2.922 m.kr. í lok tímabilsins en voru 2.782 m.kr. um áramót. Hærri birgðastaða milli ára tengist tímabundnum hreyfingum og er áætlað að hún lækki aftur seinna á árinu.

Eigið fé félagsins nam 9.365 m.kr. í lok tímabilsins en var 9.053 m.kr. um áramót. Eiginfjárhlutfall félagsins var 40,1% í lok tímabilsins samanborið við 39,8% um áramót.

Langtímaskuldir félagsins námu samtals 11.391 m.kr. í lok tímabilsins en voru 11.138 m.kr. um áramót. Vaxtaberandi langtímaskuldir lækka með samningsbundnum afborgunum en leiguskuldbindingar og aðrar skuldir hækka lítillega með nýjum viðbótum umfram afborganir.

Skammtímaskuldir félagsins námu 2.620 m.kr. í lok tímabilsins en voru 2.580 m.kr. um áramót.

	30.9.2023	31.12.2022
Viðskiptavild	10.049	10.049
Óefnislegar eignir	1.670	1.637
Rekstrarfjármunir	4.011	3.863
Leigueignir	4.277	4.060
Aðrar eignir	3	3
Tekjuskattsinneign	446	378
Fastafjármunir samtals	20.455	19.989
Birgðir	444	411
Viðskiptakröfur	1.104	1.145
Aðrar skammtímakröfur	605	562
Handbært fé	770	665
Veltufjármunir samtals	2.922	2.782
Eignir samtals.....	23.377	22.772
Eigið fé.....	9.365	9.053
Vaxtaberandi langtímaskuldir	2.225	2.304
Tekjuskattsskuldbinding	0	0
Leiguskuldbindingar	6.221	6.039
Aðrar skuldir	2.945	2.795
Langtímaskuldir samtals	11.391	11.138
Næsta árs afb. langtímaskulda	130	129
Viðskiptaskuldir	1.011	947
Ógreiddir skattar	205	254
Næsta árs afb. leiguskuldb. og annarra skulda	313	224
Aðrar skammtímaskuldir	961	1.026
Skammtímaskuldir samtals	2.620	2.580
Skuldir samtals.....	14.011	13.718

Sjóðstreymi

	9M 2023	9M 2022
Veltufé frá rekstri	3.018	2.658
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(-217)	(-190)
Vaxtatekjur (Vaxtagjöld)	(-542)	(-523)
Greiddir skattar	(-254)	(-113)
Handbært fé frá rekstri	2.005	1.833
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(-1.176)	(-1.103)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(-217)	(-228)
Fjárfestingarhreyfingar	(-1.393)	(-1.331)
Keypt eign bréf/Breyting á hlutfé	(-235)	3.395
Afborgun leiguskuldbindinga	(-145)	(-108)
Afborgun annarra langtímaskuldbindinga	(-34)	(-29)
Afborganir langtímalána	(-99)	(-4.646)
Fjármögnunarhreyfingar	(-509)	(-1.389)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	104	(-886)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	2	3
Handbært fé í upphafi tímabilsins	665	2.179
Handbært fé í lok tímabilsins	770	1.295

Veltufé frá rekstri nam 3.018 m.kr. á tímabilinu samanborið við 2.658 m.kr. á fyrra ári. Handbært fé frá rekstri er 2.005 m.kr. og hækkar frá 1.833 m.kr. á fyrra ári, hækkunin skýrist af herra veltufé frá rekstri þó breytingar á rekstrartengdum eignum sem og greiddir skattar hafi meiri neikvæð áhrif miðað við fyrra ár. Hærri greiddir skattar eru komnir til vegna hárrar álagningar á þessu ári sem reiknast út frá hagnaði ársins 2021 sem var sérstaklega hár vegna sölu óvirkra innviða. Félagið hefur greitt tekjuskatt ársins að fullu og skilað inn framtali síðasta árs og gerir ráð fyrir að greiddur tekjuskattur leiðréttist í samræmi við hagnað síðasta árs þegar skatturinn klárar endurútreikning á síðasta ársfjórðungi. Fjárfestingahreyfingar námu 1.393 m.kr. samanborið við 1.331 m.kr. á fyrra ári. Fjárfestingar eru í línu við áætlanir þessa árs og áfram gert ráð fyrir að þær verði um 14%-15% af heildartekjum ársins. Fjármögnunarhreyfingar eru 509 m.kr. á tímabilinu samanborið við 1.389 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári. Á fyrri helming síðasta árs var hlutfé hækkað um 3.395 m.kr., sem var ráðstafað til greiðslu inn á vaxtaberandi skuldir, í heildina voru greiddar samtals 4.500 m.kr. inn á vaxtaberandi skuldir til viðbótar við samningsbundnar greiðslur þess árs. Eftir lok þessa reikningsskiladags hefur Nova greitt 300 m.kr. viðbótargreiðslu, umfram samningsbundnar greiðslur, til lækkunar á vaxtaberandi skuldum félagsins. Í lok maí á þessu ári hóf félagið endurkaup hlutabréfa í samræmi við samþykkt aðalfundar frá því í mars. Á tímabilinu hefur félagið keypt 54 milljónir eigin hluta fyrir heildarupphæð 235 m.kr.

Horfur fyrir árið 2023

Í byrjun mars gaf félagið út spá fyrir árið 2023 sem gerði ráð fyrir að tekjur verði á bilinu 13.100 m.kr. til 13.700 m.kr. og EBITDA verði á bilinu 3.700 m.kr. til 4.100 m.kr. Einnig var áætlað að heildar fjárfestingar yrðu um það bil 14%-15% af heildartekjum. Horfur út árið eru óbreyttar.

Þjónusta við hluthafa og fjárfesta

Á fjárfestavef Nova <https://www.nova.is/baksvids/fjarfestar> geta hluthafar, fjárfestar og talnanörðar nálgast ítarlegri upplýsingar um blómlega businessinn hjá Nova í sögulegu samhengi. Námskeið á vegum Akademías í úrlestri ársreikninga, er aðgengilegt á vef félagsins

Fjárfestar og hluthafar geta skráð sig í aðdáendaklúbbinn og þannig fengið fréttir sendar beint á netfangið sitt. Hægt er að senda inn spurningar á fjarfestatengsl@nova.is en einnig er hægt að óska eftir fundi.

Fjárhagsdagatal 2023

Uppgjörspartý: Ársuppgjör 2023 27. febrúar 2024

Aðalfundur 2024 21. mars 2024

Nova

Nova var stofnað árið 2006 og er nú orðið eitt af stærstu og öflugustu fjarskiptafyrirtækjum landsins. Fyrirtækið á og rekur sína eigin virku innviði vítt og breitt um landið. Í Nova liðinu eru um 150 starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Selfossi. Nova hefur frá upphafi verið í farabroddi í innleiðingu nýjustu tækni og hefur fjárfest markvisst í uppbyggingu virkra innviða í sinni eigu sem mun tryggja Nova áframhaldandi forystu á fjarskiptamarkaði. Farsíma- og netkerfi Nova nær til 98% landsmanna.

Nánari upplýsingar

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- & forstjóri, margret@nova.is, s. 770 1070

Þórhallur Jóhannsson, fjármálastjóri, thorhallurj@nova.is, s. 770 1090.

Tekjuflokkar

FlakkNet	Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.
FastNet	Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.
Vörusala	Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.
Aðrar tekjur	Tekjur af annarri fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, svo sem fastlínubjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl.. Auk annarra rekstrartekna.